

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 37/1903:

Hið opinbera  
gegn  
Arnbjörgu Stefánsdóttur.

D ó m u r:

Hinn 26. nóv. 1901 andaðist maður hinnar kærðu, Sigurður hreppstjóri Einarsson á Hánefsstöðum í Vestdalseyrarsókn í Dvergasteinsprestakalli, og hafði hann nokkru áður lýst yfir því fyrir presti sínum, að hann væri utanþjóðkirkjumaður, og skrifaði sig úntaratrúar við manntalið 1. nóv. s. á. Ekkja hans, hin kærða, skrifaði sóknarprestinum þegar eftir lát manns síns, og með því að hún kvaðst vera sömu trúar og maður hennar sál. og yrði því að láta jarða hann án þess að nota þjóðkirkjuprest við jarðarförina, þá spurdist hún fyrir um það, hvort presturinn vildi eigi samt leyfa að hann yrði jarðaður í kirkjugarði sóknarinnar. Presturinn svaraði á þá leið, að hann gæti ekki leyft neinn af þeim grafreitum, er hann hefði yfir að ráða, nema ekkjan undirgengist að láta brúka venjulega greftrunarsíði, þ. e. moldu væri kastað á líkið og sálmasöngur viðhafður. Lét þá kærða jarða mann sinn 6. des. s. á. í mel fyrir ofan íbúðarhús sitt í Hánefsstada-landi í óvígðri moldu og án þess að prestur væri þar viðstaddur. Út af þessu skipaði landshöfðing-

inn málssókn þessa á hendur kærðu og var málið dæmt í lögreglurétti Norður-Múlasýslu 17. apríl þ. á. með þeim úrslitum, að kærða var sýknuð af kærnum og kröfum hins opinbera í málinu, og málskostnaður lagður á almannafé. En dómi þessum hefir blutadeigandi amtmaður af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Kærða hefir fært sér það til afsökunar, að hún hafi þá fyrst látið grafa mann sinn í óvígðri mold, er sóknarpresturinn hafði neitað henni um leg fyrir hann í kirkjugarði, nema þjóðkirkjuprestur jarðsyngi líkið þar, en það skilyrði hefði hún eigi getað undirgengist, bæði vegna trúarskoðana sinna og manns síns sál., og vegna þess að hann hefði bedið hana þess síðast í banalegu hans og hún lofað honum því, að láta eigi fylgja síðum þjóðkirkjunnar við greftrun hans.

Eftir íslenskum lögum sbr. sérstaklega Kristinn rétt Árna biskups, á að grafa öll lík í kirkjugarði eða í grafreitum, er utanþjóðkirkjumenn hafa upptekið samkvæmt lögum, sjá lög um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, 15. gr., sbr. og kirkjuritual 25. júlí 1685, 9. kap., og þar sem þessu var eigi fylgt um lík það, er hér er um að ræða, þá hefir það eigi fengið löglegan gröft, þar sem það var jarðað utan löggildra grafreita. Það gerir enga breytingu í þessu tilliti, þó að kærða af ástæðum þeim, sem fyrgreindar eru, þættist ekki geta gengið að skilyrðum þeim fyrir greftruninni í kirkjugarði, er sóknarpresturinn samkv. reglum þeim, er honum eru settar um notkun þjóðkirkju

kirkjugarða, setti fyrir greftruninni þar. En hins vegar er ekki í lögum nein heimild til að leggja refsingu á kærðu, eins og ætlast er til með málsókn þessari, fyrir aðferð hennar, og það því síður, sem öll nauðsynleg varúð virðist hafa verið viðhöfð að því er valið á grafreitarstæðinu snertir og greftrunin virðist í alla staði hafa farið sómasamlega fram. Það verður því að dæma kærðu sýkna af kæru hins opinbera í máli þessu, eins og undirdómarinn hefir gert, og með því að yfirdóminn einnig felst á málskostnadarákvæði lögregluréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Allan áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannafé, þar með talin málfutuingslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað málsins ber að greiða af almannafé, þar með talin málsfærslulaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.